

Lífslíkur drengja, ofbeldi og sjálfsvíg – birtist í Mbl. 8. júní 2020

Randolph Nesse, forstjóri þróunar- og læknisfræðimiðstöðvar ríkisháskólans í Arisóna, Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA), segir: „Karlkyn [sem slíkt] er mikilvægasti orsakavaldur andláts á unga aldri.“ Norður-ameríski sálfræðingurinn, Warren Farrell, segir: „Sjálfsvíg heimta nú fleiri líf í veröldinni, heldur en stríð, morð og hamfarir, eða sem samsvarar þrjátíu og sex milljónum heilbrigðra lífa umhverfis hnöttinn.“

Klyfturinn milli drengja og stúlkna, hvað lífslíkur varðar, hefur breikkað fjórfalt á einni öld eða svo. Lífslíkur drengja eru miklu minni, heldur en stúlkna. Þeir virðast óvelkomnir í heiminn. Um 80% verðandi foreldra í BNA óska sér fremur stúlku, en drengs.

Sjálfsvígstíðnin er skelfileg. Á aldrinum 10-15 ára fremja tvöfalt fleiri strákar sjálfsvíg, heldur en stelpur; á aldrinum 15-19 ára eru þeir fjórum sinnum fleiri; á aldrinum 20-24 eru þeir fimm til sex sinnum fleiri. Sjálfsvígum karla fjölga meira, en hjá konum. Í Indlandi t.d. aukast þau níu sinnum hraðar. Meðan tíðni sjálfsvíga lækkaði um þriðjung hjá konum, hækkaði hún um fjórðung hjá körlum. Samkynhneigðir piltar svipta sig þrefalt oftar lífi, miðað við stúlkur í sömu stöðu.

Á unglingsárum, þegar karlmannshlutskiptið blasir við, deyða drengir sig hrönnum saman. Það sama gera karlar um miðjan níráðisaldur, ónytjungar orðnir. Ekklar deyða sig miklu oftar, heldur en ekkjur. Atvinnulausir karlar deyða sig tvöfalt oftar, en karlar í vinnu. T.d. vógu karlar í BNA sjálfa sig rúmlega sex hundruð sinnum oftar í kreppunni miklu, heldur en konur.

Álag karlmannna í samkeppnisatvinnulífi getur verið geigvænlegt. Í BNA farast á hverjum degi ámóta margir karlmenn í slysum og voru drepnir daglega í Vietnam. Þetta er „glerkjallarinn“, sem norður-ameríski sálfræðingurinn, Warren Farrell, kallar svo, þ.e. þau ósýnilegu öfl, sem njörva karla niður í „störfum dauðans.“ Undir lok síðustu aldar fjölgaði andlátum (karoshi) sökum vinnuálags meðal japanskra karla um 1.400%.

Í BNA fremja fleiri uppgjafahermenn (karlar) sjálfsvíg á ári hverju heldur en voru drepnir í stríðunum í Afganistan og Írak, þ.e.a.s. fyrir einn hermann drepinn, svipta 25 sig lífi. Í Bretlandi svipta karlmenn sig þrisvar sinnum oftar lífi, en sem nemur fjölda látinna karlmannna í umferðarslysum. Fleiri karlmenn látast úr sjálfsvígum, heldur en af sjúkdómum eins og blóðkrabba og alls konar sýkinga- og sníkjudýrssjúkdómum.

Drengir og karlar verða tvöfalt oftar fyrir ofbeldi, heldur en stúlkur, þegar nauðganir eru meðtaldar. Í sjónmiðlum er ofbeldi karla algengt skemmtiefni. „Ofbeldi gegn körlum er ekki bara kallað skemmtun, það er einnig kallað menntun. Við styðjum þetta öll dag hvern.“ (Warren Farrell) Þegar konur fremja alls konar ódæði gegn körlum, bæði í veruleikanum og í listinni, eru þær hafnar til vegs og virðingar sem kvenfrelsunarhetjur. Samtímis þessum óhugnaði aukast skotárásir föðurlausra unglingspíla og ungra karlmannna. Fjöldi þeirra hefur þrefaldast síðasta áratuginn.

Fangelsi og betrunarstofnanir af ýmsu tagi í BNA eru troðfullar af drengjum og körlum. Drengir eiga miklu frekar yfir höfði sér ákærur um misferli, miklu fleiri þeirra hljóta dóm og

dómar þeirra eru miklu lengri, heldur en gengur og gerist meðal stúlkna. Fjöldi fanga, sem að verulegu leyti eru karlkyns, jókst um 700% síðustu hálfu öld. Um 85% fangelsaðra drengja ólust upp, án föðurhandleiðslu. Í BNA búa nú um 5% íbúa heimsins, en þar er líka að finna fjórðung fanga í veröldinni. Nauðganir á körlum í fangelsum eru vanrannsakaðar, en færa má skynsamlegt rök að því, að þeim sé nauðgað innan veggja fangelsa í svipuðu hlutfalli og konum fyrir utan.

Þróunin er brengluð. Í Kaliforníu t.d. eru byggð 25 fangelsi fyrir hvern og einn menntaskóla (college). Í fangelsum og á betrunarstofnunum er margvíslegt ofbeldi framið. Drengir á betrunarstofnunum eru beittir kynferðislegu ofbeldi, tæp 8% þeirra. Ofbeldismennirnir eru langoftast konur. Miklu fleiri drengir og karlmenn láta lífið sökum ofbeldis, heldur en konur. Í BNA er tuttugu og fjórum sinnum líklegra, að lögregla skjóti karlmann til bana, heldur en konu.

Þróunin umhverfis okkur er oft og tíðum forboði þess, sem koma skal í íslenska örsamfélaginu.